

Nr. 792.

1400

20. desember 1982.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. desember 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 793.

20. desember 1982.

AUGLÝSING

um hámarkshraða á Vesturlandsvegi.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á Vesturlandsvegi í Mosfellshreppi skal vera 60 km á klst. á vegarkafli frá stað vestan við vegamót við Langatanga upp fyrir Ullarnesbrekku að stað um 100 m frá vegamótum við Þingvallaveg.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Jafnframt breytast ákvæði auglýsingar nr. 252 16 ágúst 1973.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 794.

14. desember 1982.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 8. desember 1982 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins. Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur sá af Hafnarfirði sem staðfestur var 3. mars 1933 og skipulagsuppdráttur af „Norðurbæ“ í Hafnarfirði sem staðfestur var 12. september 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.